



**Kópavogur 12. mars 2020.**

**Efni:** Umsögn við mál nr. 60/2020 drög að þingsályktun um menntastefnu til ársins 2030.

Við viljum byrja umsögn okkar á því að vitna beint í greinargerð þingsályktunar um menntastefnu til ársins 2030.

*„Alþingi ályktar að setja menntun landsmanna í öndvegi. Formleg jafnt sem óformleg menntun er grundvöllur velsældar og framfara þjóða og framúrskarandi menntakerfi er undirstaða að alþjóðlega samkeppnishæfu atvinnulífi. Allir eiga að hafa jöfn tækifæri til náms því allir geta lært og allir skipta máli.“*

Fjölsmiðjan á höfuðborgarsvæðinu [hér eftir nefnt Fjölsmiðjan] er verkþjálfunar-, framleiðslu- og fræðslusetur sem starfrækt er af danskri fyrirmynd [produktionsskoler]. Með því að efla slík úrræði gefst tækifæri til að stuðla enn frekar að einstaklingsmiðaðri kennslu-/þjálfun og stuðla þannig að jöfnum tækifærum allra til náms. Fjölsmiðjan starfar út frá þeim forsendum að allir geti lært á sínum forsendum og að allir nemi skipti máli..

Samkvæmt meginmarkmiðum 1 í stefnunni kemur fram að:

*„Markmið stjórnvalda er að veita framúrskarandi menntun með áherslu á þekkingu, vellíðan, þrautseigju og árangur í umhverfi þar sem allir skipta máli og geta lært. Framúrskarandi menntun leggur áherslu á að allir fái tækifæri til að þroskast og auka hæfni sína á eigin forsendum með virkri lýðræðislegri þátttöku, samstarfi, samskiptum og skapandi gagnrýninni hugsun.“* (Tillaga til þingsályktunar, bls. 1, mennta- og menningarmálaráðherra).

Við viljum í okkar umsögn vekja athygli stjórnvalda á þeim nemum sem falla ekki endilega undir hið „hefðbundna skólakerfi“. Nemendur sem einhverra hluta vegna eiga erfitt með að aðlagast hefðbundnum kennsluaðferðum og þátttöku í almenna skólakerfinu. Það er tilfinning okkar sem höfum reynslu af starfi með ungmennum á krossgötum að brotthvarf þessara einstaklinga úr skólakerfinu sé oft á tíðum vegna skorts á sveigjanleika og skorti á möguleikum til óhefðbundinna kennslu-/ og þjálfunaraðferða. Nemendum er því miður ekki alltaf mætt á þeirra forsendum innan hins almenna kerfis, með þarfir, getu, þroska og líðan þeirra í huga.

Fjölsmiðjan sem starfrækt hefur verið frá árinu 2001 leggur áherslu á að í samfélaginu sé nægt framboð úrræða sem bjóða upp á mjög einstaklingsmiðaða kennslu-/ og eða verkþjálfun.

Staður sem nemendur geta m.a. nýtt sér til að komast út úr félagslegri einangrun, verið í félagsskap annarra jafnaldra og jafnvel eignast vini. Þetta getur skipt sköpum fyrir ungmenni og stuðlað að því að þau nái að eflast og sækja fram í lífinu. Staður þar sem ríkir fordómaleysi og einkennist af umburðarlyndi. Nemendur með fjölbreytilegar greiningar þurfa mismunandi nálgun og eins einstaklingsmiðaða kennslu, þjálfun og hvatningu og hægt er þar sem þeim er mætt af skilningi og sveigjanleika.

Einn mikilvægasti þátturinn í starfsemi Fjölsmiðjunnar er að finna leiðir til að efla virkni og víkka sjóndeildarhring nemanna og skapa heilbriggt og gott félagslegt umhverfi fyrir þá. Einn veigamesti þátturinn í því er í gegnum vinnuna í einstökum deildum sem eru einskonar kennslustofur Fjölsmiðjunnar. Þar kynnast namar réttum vinnubrögðum, samvinnu við aðra, að fara eftir fyrirmælum ásamt fleiri mikilvægum þáttum. Lykillinn að aukinni virkni er oft einfaldlega að komast úr félagslegri einangrun, vera í félagsskap við aðra, eignast vini, bæta sjálfsmynd sína, öðlast trú á eigin getu og læra að takast á við daglegt áreiti. Fjölsmiðjan er ekki hefðbundinn skóli en starfar að danskri fyrirmynd og leggur áherslu á að að blanda saman vinnu- og verkþjálfum, fræðslu, sköpun/list og hreyfingu.

Markmið þjálfunarinnar er að auðvelda nemum að sækja frekara nám og stuðla að aukinni þátttöku á hinum almenna vinnumarkaði. Í Veitingadeild t.d., sem þjónar um 100 – 150 manns á dag eru ýmis verkefni. Namar læra að undirbúa matseld/veitinasalinn, læra um mikilvægi hreinlætis, kynnast eftirlitskerfum, standast ákveðið vinnuálag, efla þjónustulund og ákveðið vinnulag við undirbúning og frágang. Þetta er dýrmætur skóli og felast mörg tækifæri í að tengja slíka verkþjálfun með auknum hætti við hið almenna skóalikerfi t.d með raunfærnimati eða mati á einingum til frekara náms.

Starfsfólk Fjölsmiðjunnar leggja áherslu á það við hvern og einn nemanda sem hefur tækifæri til að vinna/læra hjá okkur að hann skipti máli fyrir starfsemi Fjölsmiðjunnar m.a. til að auðvelda okkur að standa við skuldbindingar okkar gagnvart hagsmunaaðilum rétt eins og út á hinum almenna vinnumarkaði. Samhliða þessu er okkar hlutverk að undirbúa nemana fyrir nám og/eða vinnu eins og áður hefur komið fram.

Í greinargerð þingsálykunarinnar kemur fram:

*„Formleg jafnt sem óformleg menntun er grundvöllur velsældar og framfara þjóða og framúrskarandi menntakerfi er undirstaða að alþjóðlega samkeppnishæfu atvinnulífi. Allir eiga að hafa jöfn tækifæri til náms því allir geta lært og allir skipta máli.“*

(Tillaga til þingsályktunar, bls. 1, mennta- og menningarmálaráðherra).

Verkleg kennsla- og þjálfun auk „óhefðbundinna“ kennsluaðferða henta sumum nemum betur en öðrum, ekki síst þeim sem eiga erfitt uppdráttar í almennu menntakerfi. Rannsóknir sýna að við getum lært/þjálfað okkur út ævina hvert á sinn hátt. Þess vegna leggur Fjölsmiðjan ríka áherslu á það að horft sé til og stutt sé við langtíma fjármögnun á úrræðum sem henta einstaklingum sem hið „hefðbundna skólakerfi“ nær ekki að mæta sem skyldi. Því er mikilvægt að horfa á tækifæri allra til náms ekki bara í orði heldur á borði þegar móta á menntastefnu til ársins 2030. Það eru án efa mikil tækifæri og mismunandi leiðir færar til að ná betri árangri með þennan jaðarhóp ungmenna. Mikilvægt er að gera sér grein fyrir vanlíðan þessa hóps og styrkleika og tækifærin sem skapast við það að ná að virkja þau til náms og vinnu. Það þarf raunverulegan vilja stjórnvalda til að hægt sé að efla og þróa úrræði sem mæta þörfum allra nemenda.

Lífið er þjálfun út ævina.

Virðingarfyllst, fh. Fjölsmiðjunnar á höfuðborgarsvæðinu  
Elín Oddný Sigurðardóttir stjórnarformaður Fjölsmiðjunnar  
Sturlaugur Sturlaugsson, forstöðumaður Fjölsmiðjunnar  
Hjördís Bára Gestsdóttir, Náms- og starfsráðgjafi Fjölsmiðjunnar

